

Skýrsla sveitarstjóra fyrir fund sveitarstjórnar Strandabyggðar 30. nóvember 2010 Gerð 28. nóvember 2010

Fjárhagsáætlun 2011 - íbúafundur

Sveitarstjórnir Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Strandabyggðar sátu námskeið á Hól mavík á vegum KPMG þar sem farið var yfir lagalega skyldu sveitarfélaga og fjárhagsáætlunarvinnu. Fulltrúar úr sveitarstjórn Strandabyggðar ásamt sveitarstjóra sátu einnig námskeið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga á Ísafirði þar sem m.a. var farið yfir stjórnskipulega stöðu sveitarfélaga, stjórnkerfi og reglur um málsmeðferð, fjármálastjórn og vinnuveitendahlutverk sveitarstjórna.

Í tengslum við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2011 var haldinn hugmyndafundur með íbúum Strandabyggðar þann 23. nóvember 2010. Á fundinum var farið stuttlega yfir stjórnsýslu og starfsemi Strandabyggðar áður en umræðuhópar leituðust við að svara eftirfarandi spurningum: Hvernig má hagræða? Hvernig getum við aukið tekjur? Hvað má ekki spara? Hvað kostar lítið en gerir mikið? Fjölmargar góðar hugmyndir komu fram sem teknar verða til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig er hægt að senda inn hugmyndir á vefsíðu Strandabyggðar og skila inn hugmyndum í hugmyndakassa á skrifstofu Strandabyggðar til 1. desember n.k.

Heilbrigðismál

Rúna Stína Ásgrímsdóttir var fulltrúi Strandabyggðar á fundi með framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem haldinn var í Borgarnesi 17. nóvember s.l. Á fundinum var farið yfir aðdraganda og framkvæmd sameiningar átta heilbrigðisstofnana á svæðinu s.l. áramót og rekstrarleg niðurstaða kynnt. Einnig var farið yfir þær hagræðingarhugmyndir sem fram koma í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og hvernig megi bregðast við. Ljóst er að mikilvægt er að standa vörð um bæði þjónustu og atvinnutækifæri á svæðinu öllu.

Starfsmannamál

Auglýst hefur verið til umsóknar 75-100% staða tómsfundafulltrúa Strandabyggðar. Umsóknarfrestur rennur út 10. desember n.k. Þá er verið að ganga frá ráðningu matráðs á leikskólanum Lækjarbrekku.

Skólabíllin

Von er á skólabílum úr viðgerð í vikunni.

Gleðilega aðventu!

Ingibjörg Valgeirsdóttir, 28. nóvember 2010